



Í Kjós Eyþór Arnórsson að störfum í hlíðinni fyrir ofan Reynivelli í Kjós þar sem hann var að nota vélina til þess að rétta rafmagnsstaura sem voru farnir að halla undir flatt.



Kónguló í Kópavogi

Hjá Impex í Kópavogi má finna eina allra sérstökustu vinnuvél sem sést hefur á Íslandi, svokallaða kónguló sem er fjallagrafa frá fyrirtækinu Menzi Muck í Sviss. Vélina er engu öðru lík því hún getur farið um mjög

erfitt landslag og hreinlega klifrað þar sem engin önnur vinnuvél kemst um, og jafnvel hangið nánast lóðrétt í vír og athafnað sig eins og kónguló.

Grafan er mjög öflug en hámarks lyftigetna hennar er um 6 tonn þótt vélin sjálf sé aðeins um

11 tonn. Það er einnig athyglisvert að hvorki ballest né andvægi er á vélinni, öfugt við aðrar vélar því undirstöðuflöturinn er svo stór að ekki þarf á því að halda.

Hugmyndin á bak við þessa hönnun var að búa til léttu vél

sem er þó það öflug að hún getur unnið á við mun þyngri vélar við aðstæður þar sem fáar vélar komast.

Undirstaða vélarinnar er stillanleg um 45 gráður á alla kanta og lagar hún sig að landinu og því þarf ekki að jafna eða slétta undir henni.

Þess má til gamans geta að fyrstu tvær vélarnar komu saman í einum 40 feta gámi og þegar út

var komið var hægt að breikka vélina úr 2 metum í 5 metra og hækka hana um 170 cm.

Hægt er að leggja vélina á kviðinn til að auðvelda stjórnandanum að stíga inn og út úr henni og hún klifrar sjálf beint upp á flutningatæki án þess að nota sliskjur.

Áhugasömum er bent á að sýningarvél er hjá Impex í Askalind 4 í Kópavogi.



Sniðug Kóngulóin kemst þangað sem fáar sambærilegar vélar komast.



Sérstök Hægt er að skoða vélina í Askalind 4 í Kópavogi.